

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 308 15. apríl 2003.

1. gr.

Á eftir tilvísun í EB-tilskipun nr. 97/24 í 7. gr. 07.20 (8) reglugerðarinnar, og hvarvetna annars staðar í reglugerðinni, kemur: með síðari breytingum.

2. gr.

Viðauki II breytist þannig:

Eftirfarandi ný lína bætist við lista:

2002/51	Útblástursmengun										1	1				
---------	------------------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	---	---	--	--	--	--

3. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Undir bifhjól:

Í reitinn „síðari viðbætur“ við tilskipun 97/24/EB bætist: 2002/51/EB.

4. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

Undir bifhjól:

Við tölulíð 45x (tilskipun 97/24/EB) bætist við ný lína, svohljóðandi:

2002/51/EB	L 252 20.09.2002	***105/2003
------------	------------------	-------------

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, til innleiðingar á tilskipun 2002/51/EB, sem vísað er til í I. og II. kafla, II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
nr. 984 27. desember 2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „og nr. 2001/7“ í 1. mgr. 2. gr. kemur: nr. 2001/7 og nr. 2003/28.

2. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. breytist þannig:

a. Í stað orðanna „og nr. 2001/7“ komi: nr. 2001/7 og 2003/28.

- b. Á eftir „sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 44. hefti 2001, bls. 18“ komi: og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2003.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, til innleiðingar á tilskipun 2003/28/EB, sem vísað er til í XIII. kafla, II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. október 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um skráningu ökutækja.

I. KAFLI

Skráningarskylda.

1. gr.

Skráningarskyld ökutæki.

Skylt er að skrá bifreið, bifhjól, torfærutæki og dráttarvél áður en ökutækin eru tekin í notkun. Sama á við um eftirvagn bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir meira en 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi og tjaldevagn. Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.

Eigandi ökutækis, innflytjandi, og eftir atvikum innlendur framleiðandi, bera ábyrgð á því að ökutæki sé skráð.

2. gr.

Notkun ökutækis án skráningar.

Óskráð ökutæki má nota til reynsluaksturs, vegna kynningarstarfsemi eða í sambandi við skráningu enda sé það merkt með reynslumerki. Misnotkun reynslumerkja varðar afturköllun á rétti til að nota þau.

Umferðarstofa setur verklagsreglur um notkun reynslumerkja.

3. gr.

Vátrygging og opinber gjöld.

Liggja skulu fyrir gögn um vátryggingu ökutækis og greiðslu opinberra gjalda til þess að:

1. skrá megi ökutæki,
2. skrá megi eigendaskipti að ökutæki,
3. afhenda megi að nýju skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu Umferðarstofu, sbr. 16. gr.,
4. afhenda megi skoðunarmiða, sbr. 14. gr. og
5. afhenda megi reynslumerki til notkunar, sbr. 2. og 27. gr.